



# **Konur, karlar og forystusæti á framboðslistum**

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# Konur, karlar og forystusæti á framboðslistum

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði

Leiðbeinandi: Gunnar Helgi Kristinsson

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Hrafnhildur Björk Baldursdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

## Útdráttur

Í þessari ritgerð verður fjallað um eiginlega rannsókn sem framkvæmd var til að freista þess að svara þeirri spurningu hvers vegna konur sækjast í minna mæli en karlar eftir forystusætum á framboðslistum stjórnmalaflokkanna. Tekin voru viðtöl við sex núverandi og fyrrverandi þingkonur, úr Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki, sem sóst hafa eftir sæti mjög ofarlega á framboðslistum í tveimur kjördæmum. Í upphafi ritgerðarinnar er kynning á fræðilegum þáttum sem talin eru hafa áhrif á stjórnmalapátttöku kvenna. Þá er farið stuttlega yfir þróun stjórnmalapátttöku kvenna á Íslandi almennt og svo stöðu kvenna í tveimur íslenskum stjórnmalaflokkum; Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki. Því næst er rannsóknaraðferðin og framkvæmd rannsóknarinnar kynnt. Niðurstöður rannsóknarinnar eru því næst greindar í fjórum köflum. Að lokum eru niðurstöðurnar dregnar saman og svarið við rannsóknarspurningunni kynnt.

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	5
2	Hvers vegna er þátttaka kvenna í stjórnámum ekki meiri en hún er? .....	7
2.1	Félags- og efnahagslegir þættir.....	7
2.2	Stofnanþættir innan stjórnámanna sjálfra .....	8
2.3	Menningarlegir þættir .....	11
3	Þróun stjórnámabátttöku kvenna á Íslandi .....	15
4	Staða kvenna í Samfylkingunni .....	16
5	Staða kvenna í Sjálfstæðisflokknum .....	18
6	Hvers vegna sækja konur ekki í meira mæli í forystusætin?.....	20
7	Jafnréttismál og málefnaval .....	22
7.1	Sjálfstæðisflokkur.....	24
7.2	Samfylking .....	26
8	Prófkjör og kynjakvótar.....	29
8.1	Sjálfstæðisflokkur.....	30
8.2	Samfylking .....	34
9	Hliðverðir .....	36
10	Starfsumhverfi stjórnámamannsins.....	39
11	Niðurstaða.....	41
12	Lokaorð .....	43
13	Heimildaskrá .....	45
14	Viðauki .....	47

## 1 Inngangur

Þátttaka kvenna í stjórnámálum hefur verið rannsóknarefni stjórnmálafræði, kynjafræði og annarra fræðigreina síðastliðin ár. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar hérlandis sem erlendis í þeim tilgangi að varpa ljósi á hvaða þættir komi í veg fyrir að konur sækist síður en karlar eftir sæti á þjóðþingum en raun ber vitni um. Niðurstöður íslenskra rannsókna á stjórnmálaþátttöku kvenna sýna að stjórnmálaþátttaka kvenna er töluvert minni en karla.

Á alþjóðagrundvelli er þátttaka kynjanna í stjórnámálum jafnari á Norðurlöndunum en gengur og gerist víðast hvar. Sænskar stjórnmálakonur standa hvað best að vígi á heimsvísu en þar eru konur rúmlega 40% af þingmönnum landsins.<sup>1</sup> Mikil breyting hefur átt sér stað á Íslandi undanfarna áratugi meðal íslenskra stjórnmálakvenna þó þær hafi ekki náð alveg eins skjótum og góðum árangri og stjórnmálakonur á Norðurlöndunum.

Stjórnmálaþátttaka kvenna á Íslandi jókst talsvert eftir stofnun Kvennaframboðsins 1983 en hefur þó gengið í nokkrum bylgjum síðan þá. Í alþingiskosningunum vorið 2009 jókst hlutfall kvenna á þingi úr 32% í 43% þingmanna og hafði fjöldi kvenna á Alþingi aldrei áður, í sögu landsins, verið svo mikill.<sup>2</sup> Þessa miklu breytingu á hlutfalli kynjanna í kosningunum 2009 má hugsanlega rekja til víðtækrar kröfu um breytingar í samfélaginu og á stjórnsýslunni eftir efnahagshrunið haustið 2008. Hvort áhrifa þess mun gæta áfram í næstu kosningum verður forvitnilegt að fylgjast með og jafnvel seinni tíma mál að rannsaka.

Í rannsóknum á stjórnmálaþátttöku kvenna hefur sjónum einkum verið beint að ríkjandi kosningakerfum. Erlendar rannsóknir hafa t.d. sýnt fram á að konum gengur verr að ná kosningu í meirihlutakosningakerfi en þar sem notast er við hlutfallskerfi.<sup>3</sup>

Ísland og Bandaríkin eru einu ríkin þar sem prófkjör tíðkast við val á frambjóðendum framboðslistanna. Árið 2007 var gerð rannsókn á Íslandi á því hvort konum gengi verr en

---

<sup>1</sup> Lane Kenworthy og Melissa Malami, „Gender Inequality in Political Representation: A Worldwide Comparative Analysis“, *Social Forces* 78 (1999): 236.

<sup>2</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, „Kynjaskekkja í stjórnmálum – Breytingar og áhrifaþættir“, *Stjórnmál og stjórnsýsla*, 5 (2009): 7.

<sup>3</sup> Pamela Paxton og Sheri Kunovich, „Women’s political representation: The importance of ideology“, *Social Forces* 82 (2003): 89-90.

körlum í prófkjörum og niðurstaða þeirrar rannsóknar sýndi fram á að svo reyndist ekki vera. Í sömu rannsókn var einnig skoðað hvort konur sæktust í minna mæli en karlar eftir ákveðnum sætum á framboðslistum en samkvæmt niðurstöðunum var sú ekki raunin, með einni undantekningu þó, en í ljós kom að konur sækjast í miklu minna mæli en karlar eftir fyrsta sæti framboðslistanna.<sup>4</sup>

Sú niðurstaða vekur upp þá spurningu hvort ekki megi rannsaka hvað veldur því að konur sækja síður en karlar í forystusæti á framboðslistum. Viðfangsefni þessarar ritgerðar verður að freista þess hvort greina megi eitthvað í uppbyggingu stjórnmalaflokkanna eða innviðum þeirra sem hafi áhrif á það að konur sækist síður en karlar eftir forystusætunum. Lögð er fram eftirfarandi rannsóknarspurning:

***Hvers vegna sækjast konur í minna mæli en karlar eftir forystusætum á framboðslistum stjórnmalaflokka?***

---

<sup>4</sup> Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir, „Eru tengsl milli kynferðis og árangurs í prófkjörum stjórnmalaflokka?“ (BA ritgerð, Háskóli Íslands), 14-16.

## 2 Hvers vegna er þátttaka kvenna í stjórnámálum ekki meiri en hún er?

Rannsóknir á þátttöku kvenna í stjórnámálum hafa aðallega byggst á þremur megin þáttum. Hún hefur verið rannsökuð út frá félags- og efnahagslegum þáttum, út frá stofnanapáttum innan stjórnámálanna sjálfra og út frá menningarlegum þáttum.<sup>5</sup>

### 2.1 Félags- og efnahagslegir þættir

Í rannsóknum á félags- og efnahagslegum þáttum eru nokkrar mikilvægar breytur skoðaðar. Þar má fyrst nefna að menntunarstig kvenna er skoðað og einnig hvers kyns menntun þær hafa öðlast. Rannsóknir hafa sýnt að með hærra menntunarstigi aukast líkurnar á því að konur telji sig hæfar til að gegna starfi og ábyrgð á vettvangi stjórnámálanna og taka frekar virkan þátt í stjórnámálum. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að sterkt samband sé á milli menntunar kvenna og þátttöku kjósenda en það þýðir að með aukinni menntun kjósa fleiri konur í kosningum, sem hugsanlega gæti haft áhrif á að fleiri konur eru kosnar á þing eða í sveitarstjórnir.<sup>6</sup>

Í öðru lagi er atvinnuþátttaka kvenna og tengsl hennar við stjórnámálaþátttöku þeirra skoðuð. Niðurstöður benda til þess að konur sem eru virkar í atvinnulífinu eru líklegri til að taka þátt í stjórnámálum en þær sem standa utan atvinnumarkaðarins. Með atvinnuþátttöku virðast konur öðlast ákveðið sjálfsöryggi og sjálfstæði sem síðan gerir það að verkum að þær kjósi að starfa í stjórnámálum. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að konur sem gegna sérfræði- eða stjórnunarstöðum eru líklegri til að taka virkan þátt í stjórnámálum.<sup>7</sup>

Í þriðja lagi hafa rannsóknir beinst að því hvort að sterkar kvannahreyfingar á stjórnámálasviðinu hafi þau áhrif að konur taki frekar þátt í stjórnámálum. Slíkar hreyfingar

---

<sup>5</sup> Lane Kenworthy og Melissa Malami, „Gender Inequality in Political Representation: A Worldwide Comparative Analysis,” *Social Forces* 78 (1999): 236.

<sup>6</sup> Sama heimild: 237.

<sup>7</sup> Sama heimild: 239-40.



gætu veitt konum fræðslu um stjórnmál og fjárstyrk sem nauðsynlegur væri til að konur byðu sig frekar fram til stjórnmálaþátttöku. Slíkar hreyfingar gætu einnig stuðlað að auknu hlutfalli kosinna kvenna.

Í fjórða lagi er sjónum beint að efnahagslegri stöðu og þróun ríkja með tilliti til stjórnmálaþátttöku kvenna. En því þróaðri og efnahagslega stöndugri sem ríki eru þeim mun meiri líkur eru á því að þar sé lögð áhersla á jafnrétti kynjanna. Þær konur ættu því að vera líklegri til þess að vera virkari þátttakendur í stjórnmálum og ættu fremur að hljóta kosningu en í ríkjum þar sem efnahagsleg staða og þróun er skemmra á veg komin.

Í umfjöllun um félags- og efnahagslega þætti má að lokum geta þess að rannsóknir sem framkvæmdar voru frá upphafi áttunda áratugarins og fram í miðjan níunda áratuginn sýndu sterk tengsl á milli menntungarstigs kvenna, atvinnuþátttöku þeirra og þátttöku í stjórnmálum en síðari tíma rannsóknir hafa ekki allar sýnt þessi sömu sterku tengsl þarna á milli. Í samanburðarrannsókn sem Lane Kenworthy og Melissa Malami gerðu árið 1998 á konum á þjóðþingum í 146 löndum komu t.d. ekki fram nein tengsl á milli þessara atriða né heldur milli öflugra, starfandi kvannahreyfinga og þátttöku kvenna í stjórnmálum.<sup>8</sup> Það má því hugsanlega gera ráð fyrir að einhverjar breytingar hafi átt sér stað innan samfélaganna, sem hafa breytt tengslum eða minnkað vægi þessara þátta.

## 2.2 Stofnanabættir innan stjórnmálanna sjálfra

Í stofnanabáttum innan stjórnmálanna sjálfra hefur í fyrsta lagi verið litið á það hvenær konur hlutu kosningarétt og er talið að samband sé á milli þess hve lengi kosningaréttur kvenna hafi staðið og líkanna á því að konur taki virkan þátt í stjórnmálum.<sup>9</sup>

Í öðru lagi þegar litið er til stofnanabátta innan stjórnmálanna er litið á uppbyggingu kosningakerfanna og rannsóknir hafa beinst að því sviði. Rannsóknir sýna að konur eigi meiri möguleika á að vera kjörnar á þing eða í sveitarstjórnir þar sem notast er við hlutfallskerfi en

---

<sup>8</sup> Lane Kenworthy og Melissa Malami (1999), „Gender Inequality in Political Representation: A Worldwide Comparative Analysis,“ *Social Forces* 78 (1999): 236.

<sup>9</sup> Sama heimild: 256.

þar sem notast er við meirihlutakerfi. Hlutfallskerfið hefur verið notað á Norðurlöndunum og er talið að velgengni kvenna í stjórnámálum þar megi m.a. rekja til þess kerfis.<sup>10</sup>

Í þriðja lagi þegar stofnanabættir stjórnámálanna eru skoðaðir þá er sjónum beint að stærð kjördæma og flokka. En ein kenning á þessu sviði bendir til þess að konur séu líklegri til að komast í fulltrúastöður í stærri kjördæmum en þeim minni og ástæðan sé sú að í minni kjördæmunum séu færri sæti í boði og því meiri samkeppni um hvert sæti sem veldur því að konur eiga minni möguleika en ella.<sup>11</sup> Rannsókn sem gerð var í Noregi bendir hins vegar ekki til þessarar niðurstöðu en í þeirri rannsókn kom í ljós að ekkert samband virtist vera á milli stærðar kjördæma og þess hve margar konur hlutu öruggt sæti. Í sömu rannsókn kom í ljós að samband væri á milli stærðar stjórnámálflokks í kjördæmi og fjölda kvenna í öruggum sætum.<sup>12</sup>

Í fjórða lagi vega framboðsaðferðir stjórnámálflokkanna þungt í rannsóknum á stofnanabáttum stjórnámálanna en þar á meðal má nefna kynjakvóta, uppstillingar flokkanna sjálfra og prófkjör.

Kynjakvóttaaðferðin er leið sem hefur verið farin til að jafna kynjahlutfall á framboðslistum stjórnámálflokkanna. Aðferðin er gjarna verið notuð af vinstri flokkum á Norðurlöndunum. Hún er talin hafa vegið þungt í þeim góða árangri sem vinstri konur hafa náð í stjórnámálum á Norðurlöndunum en þar er hæsta hlutfall kvenna á þingi á heimsvísu og stjórnámálakonur á Norðurlöndunum lengi verið leiðandi á því sviði.<sup>13</sup> Vinstrihreyfingin - grænt framboð hefur notað slíka aðferð hér á landi en flokkurinn setti t.d. fram fléttulista

---

<sup>10</sup> Joni Lovenduski og Pippa Norris, „Conclusions: Comparing Legislative Recruitment,“ í *Gender and Party Politics*, ritst. Joni Lovenduski og Pippa Norris, Surrey (1993): 312-14

<sup>11</sup> Richard E. Matland, „Institutional Variables Affecting Female Representation in National Legislatures: The Case of Norway,“ *The Journal of Politics* 55 (1993): 39-40

<sup>12</sup> Sama heimild: 52-3.

<sup>13</sup> Anne Philips, *The Politics of Presence: The Political Representation of Gender, Ethnicity, and Race*, (1995), 58-9.

fyrir síðustu alþingis- og sveitastjórnarkosningar.<sup>14</sup> Samfylkingin hefur einnig notast við kynjakvóta á sínum framboðslistum.<sup>15</sup>

Ekki eru allir fræðimenn sannfærðir um ágæti þessarar leiðar og hafa meðal annars bent á að með inngripum eins og kynjakvóta sé hætt á að hæfustu einstaklingarnir komist ekki á framboðslista eða í þau sæti sem þeir sækist eftir.<sup>16</sup> Þá hefur annað sjónarhorn komið fram en það er að þó svo að konur séu valdar sem fulltrúar á þing þá er það ekkert endilega trygging fyrir því að þær tali og berjast fyrir auknum réttindum kvenna og séu almennt málsvarar málefna kvenna.<sup>17</sup>

Alls staðar í heiminum notast stjórnmálaflokkar við uppstillingar á framboðslista sína en hér á landi og í Bandaríkjunum hefur verið notast við prófkjör.<sup>18</sup> Bæði Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hafa notað opin og lokuð prófkjör en nú hefur síðarnefndi flokkurinn sett í reglur sínar að prófkjör á vegum hans skuli vera lokuð. Gerðar hafa verið tvær íslenskar rannsóknir á gengi kvenna í prófkjörum. Aðra rannsóknina gerðu Auður Styrkárdóttir og Svanur Kristjánsson á sveitarstjórnarkosningunum árið 1998 og alþingiskosningunum árið 1999 og sýndu niðurstöður þeirrar rannsóknar fram á að konum gengi ekki verr en körlum í prófkjörum flokkanna en þar kom þó einnig fram að konur gefa síður kost á sér en karlar.<sup>19</sup> Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir gerði aðra sambærilega rannsókn á alþingiskosningunum árin 2003 og 2007 með það fyrir augum að kanna hvort konum gengi almennt verr en körlum í prófkjörum. Sú rannsókn sýndi einnig fram á að konum gengi ekki verr en körlum í prófkjörum. Karlar eru þó, líkt og í fyrri rannsókninni, mun fjölmennari hópur frambjóðenda en konur. Í rannsókn Ásdísar kom í ljós að konur og karlar sækjast í svipuðu hlutfalli eftir 2. og 3. sæti á framboðslistum stjórnmálaflokkanna og að konur sækjast frekar en karlar eftir sætum neðar á listum. Þá kom einnig í ljós að konur sækjast mun síður eftir forystusæti á

---

<sup>14</sup> Heimasíða Vinstrehreyfingarinnar – græns framboðs: [vg.is](http://vg.is), sótt 25. nóv. 2009.

<sup>15</sup> Heimasíða Samfylkingarinnar: [xs.is](http://xs.is), sótt 25. nóv. 2009.

<sup>16</sup> Anne Phillips, *The Politics of Presence: The Political Representation of Gender, Ethnicity, and Race*, (1995), 60.

<sup>17</sup> sama heimild: 157-8.

<sup>18</sup> Svanur Kristjánsson og Auður Styrkárdóttir, *Konur, flokkar og framboð*, (2001), 10.

<sup>19</sup> Sama heimild: 48.

framboðslistum heldur en karlar.<sup>20</sup> Niðurstaða Ásdísar var sú að prófkjör sé ekki þáttur sem hafi afgerandi áhrif á fjölda kvenkyns þingmanna.<sup>21</sup>

Að lokum má nefna, í tengslum við stofnanapætti stjórnmalanna, að konur eru almennt taldar eiga meiri möguleika á að ná þingsæti innan vinstri flokka en hægri flokka samanber velgengi þeirra á Norðurlöndum. Þó benda nýlegar rannsóknir til þess að íhaldsflokkar á Norðurlöndum og öðrum Evrópulöndum séu svo til eins líklegir til að bjóða fram konur og vinstri flokkarnir á sömu stöðum.<sup>22</sup>

### 2.3 Menningarlegir þættir

Erfitt hefur reynt að gera meginlegar rannsóknir sem mæla tengsl á milli menningarlegra þátta og stjórnmalapátttöku kvenna þar sem breytur innan þess þáttar eru ekki eins afgerandi til mælinga og innan hinna tveggja flokkanna, sem áður hefur verið fjallað um. Auðveldara er að rannsaka þætti er snerta félags- og efnahagslega þætti og tengsl við stjórnmalapátttöku sem og þátt stofnanauppbyggingar innan stjórnmalanna sjálfra. Menningarlegi þátturinn snýst aðallega um hugmyndafræðina að baki hlutverki kynjanna, tekur á því hvernig konur koma almennt fyrir í stjórnmalum og hversu sýnilegar þær eru sem fulltrúar og stjórnendur.<sup>23</sup> Eigindlegar rannsóknir á þessu sviði hafa leitt í ljós að hugmyndafræði kynjahlutverka hefur mikið um það að segja hvers vegna konur sækjast síður eftir því að starfa á vettvangi stjórnmalanna. Í eigindlegri rannsókn á vegum Alþjóðlegu þingmannanefndarinnar (IPU) árið 2000, sem byggist á viðtölum við 200 kvenkyns þingmenn víðs vegar að, kom í ljós að 76% viðmælenda töldu að ráðandi gildi varðandi kynjahlutverk

---

<sup>20</sup> Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir. „Eru tengsl milli kynferðis og árangrurs í prófkjörum stjórnmalaflokkanna?“ (BA ritgerð, Háskóli Íslands, 2007), 23-26.

<sup>21</sup> Sama heimild: 32.

<sup>22</sup> Lane Kenworthy og Melissa Malami, „Gender Inequality in Political Representation: A Worldwide Comparative Analysis,“ *Social Forces* 78 (1999): 238.

<sup>23</sup> Pamela Paxton og Sheri Kunovich, „Women’s political representation: The importance of ideology,“ *Social Forces* 82 (2003): 2.

takmarki þátttöku kvenna í stjórnámálum.<sup>24</sup> Ólíkar hugmyndir um hlutverk og stöðu kvenna í samfélögum geta aukið eða þrengt möguleika þeirra til að öðlast völd á vettvangi stjórnámálanna og þá skiptir litlu máli hvernig uppbygging stjórnálaumhverfisins er eða hversu hæfar konurnar eru til að gegna fulltrúastöðum í stjórnámálum.

Hugmyndir um hlutverk og stöðu kvenna í stjórnámálum, þar á meðal feðraveldishugmyndin, hafa um langt skeið verið þrándur í götu fyrir aukinni stjórnálapátttöku kvenna. Franski heimspekingurinn Simone de Beauvoir hefur fjallað um þetta efni og segir m.a. að konur séu undirokaðar í samfélaginu því að hegðun og gildi þeirra séu ekki viðurkennd í hinum karllæga heimi. Hið karllæga eðli væri ofar sett hinu kvenlæga og konur ættu því ekki heima í karllæga heimi stjórnámálanna.<sup>25</sup> Eftir að konur hlutu kosningarétt, á 19. og 20. öld, var þetta viðhorf enn mjög ríkjandi í fræðunum og litið svo á að konur gætu ekki tekið skynsamlegar ákvarðanir og væru því síður hæfar til að starfa á vettvangi stjórnámálanna en karlar.<sup>26</sup>

Í rannsóknum á menningarlegu þáttunum hefur sjónum gjarna verið beint að ákveðnum svæðum og trúarbrögðum. Rannsóknir á stjórnálapátttöku kvenna í Asíu og Mið-Austurlöndum sýna meðal annars að færri konur eru í fulltrúastöðum í stjórnámálum en á Norðurlöndunum. Einnig eru færri konur á þingi í ríkjum þar sem islamtrú og kaþólsk trú er ríkjandi en þar sem mótmælendatrú er ríkjandi. Þá hefur einnig komið fram í rannsókn í níu ríkjum í Vestur-Evrópu að þar sem jafnréttisviðhorf í stjórnámálum eru ríkjandi eru meiri líkur á því að konur séu kosnar á þing.<sup>27</sup>

Í rannsóknarniðurstöðum stjórnálafræðinganna Paxton og Kunovich frá 2003 kom í ljós að hugmyndafræðilegir þættir hefðu bæði áhrif á framboð og eftirspurn eftir konum í stjórnámálum. Hvað framboðshliðina varðar þá gæti hugmyndafræðin haft áhrif á þá ákvörðun kvenna að bjóða sig fram á stjórnálavettvangi burt séð frá þegar fengnum frama

---

<sup>24</sup>Pamela Paxton og Sheri Kunovich, „Women’s political representation: The importance of ideology,” *Social Forces* 82 (2003): 2.

<sup>25</sup>Jenny Chapman, *Politics, Feminism and the Reformation of Gender*, 200-1.

<sup>26</sup>Pamela Paxton og Sheri Kunovich, „Women’s political representation: The importance of ideology,” *Social Forces* 82 (2003): 4.

<sup>27</sup>Sama heimild: 5.

þeirra eða eðli menntunar. Hvað eftirspurnarhliðina varðar þá gæti hugmyndafræðin haft áhrif á það að kjósendi sætti sig við að kona sé kjörin sem stjórnmalamaður og einnig að það gæti aukið líkurnar á því að stjórnendur innan stjórnmalaflokkanna veldu og styddu konur sem fulltrúa þeirra.<sup>28</sup>

Þó svo að stjórnmalaflokkar séu vissulega ágætur vettvangur fyrir konur að koma sér á framfæri í stjórnmalum þá gæti ríkjandi hugmyndafræði innan þeirra enn verið ákveðin hindrun fyrir framgangi kvenna innan þeirra. Þær telja sumar hverjar að sjálf uppbygging flokkana, sem slík, sé ekki óvinveitt konum, heldur hafi ákveðið andrúmsloft innan þeirra meiri áhrif. Konur virðast taka jafn virkan þátt í starfi flokkana og karlar en þeim tekst síður að ná frama innan þeirra. Þannig virðast þær alltaf skörinni lægra settar en karlar í sömu sporum bæði hvað varðar starf innan flokkanna og á framboðslistum.<sup>29</sup>

Þó nokkrar fræðilegar kenningar taka á feðraveldi og hvernig áhrifa þess gætir í samfélögum nútímans. Þegar litið er á samanburð kynjanna á vinnumarkaðnum í þessu samhengi er gjarnan gengið út frá þremur sjónarhornum innan kenningarammans; hvers vegna konur eru lægra launaðar en karlar; hvers vegna sækja konur í störf sem eru lægri launuð en störf karla og hvers vegna konur gegna öðrum störfum en karlar.<sup>30</sup>

Frjálslyndiskenningin (*liberalism*) hefur m.a. nálgast viðfangsefnið á þann hátt að vægi menningarlegs þrýstings á skipulagsatriði leiði til betri árangurs karla en kvenna á vinnumarkaðnum. Stjórnunarstíllinn er fyrst og fremst karllægur og hugmyndafræðin sem tengist stigveldi starfa sé kynbundin og beinist þess vegna gegn manneskju af hinu kyninu sem hreppir slíka stöðu. Þetta á ekki eingöngu við um almenn einkenni slíkrar menningar heldur líka dagleg áhrif eins og t.d. litlu vinahópana og hagsmunatengslin sem notuð eru til að útiloka konur frá þekkingu og samskiptum sem eru nauðsynleg til að ná árangri í fyrirtækjum. Þá er litið svo á að stöðuhækkunarferlið hlaði undir karla á vinnumarkaði.

---

<sup>28</sup> Pamela Paxton og Sheri Kunovich, „Women’s political representation: The importance of ideology,” *Social Forces* 82 (2003): 6.

<sup>29</sup> Sama heimild: 13.

<sup>30</sup> Sylvia Walby, *Theorizing Patriarchy*, (1990): 25.

Niðurstaðan sé því sú að það sé niðurdrepandi fyrir konur í fyrirtækjum að eiga engar (fáar) kvenfyrirmyndir og það hafi áhrif á væntingar þeirra um frama innan fyrirtækja.<sup>31</sup>

---

<sup>31</sup> Sylvia Walby , *Theorizing Patriarchy*, (1990): 32-3.

### 3 Þróun stjórnmalapátttöku kvenna á Íslandi

Aðeins eru rúmlega 100 ár síðan að konur hófu virka stjórnmalapátttöku hér á landi. Konur voru fyrst kjörnar í bæjarstjórn í Reykjavík árið 1908. Árin þar á undan höfðu kröfur kvenna um breyttar málefnaáherslur innan sveitarstjórnarinnar orðið háværi en þær vildu meðal annars beina athyglinni að ýmsum velferðarmálum barna og almennings. Til þess að koma málefnum sínum á framfæri stofnuðu konur kvemalista, að tilstuðlan Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, sem bauð fram í sveitarstjórnarkosningunum 1908 sem varð til þess að þær fengu sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur.<sup>32</sup>

Það var síðan ekki fyrr en árið 1915 að konur hlutu almennan kosningarétt og var fyrsta konan kosin á þingi árið 1922. Hlutfall kvenna á Alþingi næstu áratugina var lágt en þrjár konur eða færri áttu sæti þar í senn. Það var ekki fyrr en með stofnun Kvemalistans árið 1983 að hlutfallið jókst að einhverju mæli en listanum tókst að fá þrjár konur kjörnar í alþingiskosningunum 1983 og fór þá hlutfallið úr 5% í 15%. Næstu árin þar á eftir jókst hlutfall kvenna á þingi enn frekar og tók síðan mikið stökk árið 1999 þegar hlutfallið jókst úr 25% í 35% en fyrir þær kosningar hafði Kvemalistinn ásamt Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi sameinast í nýtt stjórnmalaafl undir nafni Samfylkingarinnar. Í alþingiskosningunum árið 2003 lækkaði hlutfall kvenna á þingi aftur niður í 30% en hækkaði síðan aftur upp í 32% í kosningunum árið 2007. Hlutfall kvenna á Alþingi tók enn á ný mikið stökk í kosningunum árið 2009 þegar hlutfallið fór upp í 43%.<sup>33</sup> Umhverfi alþingiskosninganna 2009 var um margt frábrugðið umhverfinu árin á undan. Vert er að hafa í huga að á þessum tíma ríkti ólga í íslensku samfélagi komin til vegna efnahagshrunsins síðla árs 2008 og háværar kröfur hins almenna borgara um breytingar á samfélaginu og stjórnsýslunni. Hvort rekja megi velgengi kvenna í þessum kosningum til þessarar ólgu verður ekki svarað hér en vissulega áhugavert rannsóknarefni til framtíðar.

---

<sup>32</sup> Auður Styrkardóttir, „From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women’s Politics in Reykjavik, 1908-1922,“ (doktorsritgerð Umea University 1998): 96.

<sup>33</sup> Heimasíða Hagstofu Íslands: hagstofa.is, sótt 17.nóv, 2009.



## 4 Staða kvenna í Samfylkingunni

Samfylkingin var eins og fyrr hefur verið nefnt stofnuð árið 1998 við sameiningu þriggja flokka Kvinnalista, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags. Kvinnalistinn hafði fram að því haft töluverð áhrif á framgang kvenna í íslenskum stjórnámum og með tilkomu hans jókst hlutfall kvenna á Alþingi. Þessi sameining olli því að í alþingiskosningunum árið 1999 jókst hlutfall kvenna á þingi umtalsvert og átti Samfylkingin, eins og fyrr segir, drjúgan þátt í þeirri hlutfallsaukningu þar sem flokkurinn fékk níu konur kjörnar og átta karla.<sup>34</sup> Af þeim 25 konum sem tóku þátt í prófkjörum Samfylkingarinnar fyrir umræddar kosningar komu 12 þeirra frá Kvinnalistanum.<sup>35</sup>

Samfylkingin er félagshyggjuflokkur á vinstri hlið stjórnmalanna en vinstri flokkar hafa fram til þessa náð lengra í því að jafna kynjahlutfall innan þingflokka sinna en hægri flokkarnir. Helsta ástæða þess er líklega sú að vinstri flokkarnir hafa lagt ríkari áherslu á að taka upp kynjakvóta við val á framboðslista. Flokkurinn hefur einnig sett sér ákveðnar vinnureglur með það að markmiði að jafna kynjahlutfallið í fulltrúastöðum á vegum flokksins.

Í lögum Samfylkingarinnar segir:

*„...öllum stofnunum flokksins, sem kosið er til, skal hvort kyn eiga rétt til a.m.k. 40% aðalfulltrúa og 40% varafulltrúa, svo fremi að nægilega margir séu í framboði. Ef færri flokksmenn en 40% af hvoru kyni eru í framboði teljast þeir sjálfkjörnir. Við skipan á framboðslista skal stefnt að því að hlutfall kvenna og karla verði sem jafnast. Hið sama á við, þegar skipað er í ráðherrastörf á vegum flokksins.“<sup>36</sup>*

---

<sup>34</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, „Kynjaskekkja í stjórnámum: Breytingar og áhrifaþættir,“ *Stjórnmal og stjórnsýsla* 5 (2009): 17.

<sup>35</sup> Svanur Kristjánsson og Auður Styrkardóttir, *Konur, flokkar og framboð*, (2001): 29.

<sup>36</sup> Heimasíða Samfylkingarinnar: xs.is, sótt 26. nóv. 2009.

Í alþingiskosningunum 2003, 2007 og 2009 skipaði þó aðeins ein kona, hvert árið forystusæti, í þeim kjördæmum sem rannsóknin náði til.

## 5 Staða kvenna í Sjálfstæðisflokknum

Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður árið 1929 út tveimur flokkum, Íhaldsflokki og Frjálslynda flokki.<sup>37</sup> Má segja að fyrsti kvenþingmaðurinn hafi komið úr hans röðum en hún var í Íhaldsflokki og var kosin á þing árið 1922.<sup>38</sup> Flokkurinn hafði sterkt fylgi kvenna til að byrja með og jafnvel fleiri konur kusu flokkinn en karlar í þá daga. Ástæða þess er talin vera sú að á þeim tíma voru konur íhaldssamari en þær eru í dag, atvinnuþátttaka þeirra var lítil og sömuleiðis menntun. Konur þær er störfuðu innan flokksins á þessum tíma voru talsmenn málefna sem voru konum hugleikin.<sup>39</sup> Næstu áratugina breyttist staða kvenna innan flokksins lítið sem ekkert og það var í raun ekki fyrr en eftir að kvenréttindabarátta áttunda áratugarins hófst og hlutur kvenna fór vaxandi í öðrum flokki að breytingar áttu sér stað innan Sjálfstæðisflokksins meðal annars til þess að fylgja þessari þróun eftir og til að halda í fylgi kvenna.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur þó alla tíð verið alfarið á móti þeirri leið að taka upp svokallaða kynjakvóta eða fara sambærilegar leiðir til að jafna hlut kynja á framboðslistum. Helsta ástæðan fyrir því er talin vera sú að hugmyndafræði flokksins, einstaklingshyggjan, leggur meðal annars áherslu á að ekki sé gerður neinn greinarmunur á kynjum. Samkvæmt einstaklingshyggjunni á einstaklingurinn að komast áfram á hæfni sinni og eigin verðleikum, óháð kyni.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins vorið 2009 segir í ályktun um fjölskyldumál:

*„Jafnrétti kostar ekkert“*

---

<sup>37</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, (2006), 90.

<sup>38</sup> Auður Styrkárdóttir, „From Femenism to Class Politics: The Rise and Decline of Women’s Politics in Reykjavik 1908-1922“, (doktorsritgerð Umea University, 1998): 201.

<sup>39</sup> Sama heimild: 96-8.

*„Sjálfstæðisflokkurinn sér jafnrétti sem eina af grunnstoðum sjálfstæðisstefnunnar. Í því er fólgin sá skilningur að meta eigi einstaklinginn á hans eigin forsendum. Því leggst Sjálfstæðisflokkurinn gegn öllum þeim aðgerðum sem hygla einum á kostnað annars.“*

*„Tilfínanlega hefur skort á þátttöku kvenna í stjórnámálum og viðskiptalífi landsins. Þessu þarf að breyta. Sjálfstæðisflokkurinn þar í öllu sínu starfi, hvort sem er innan flokks eða utan, að tryggja jöfn tækifæri, óháð kyni.“*

Auk ofangreinds telur Sjálfstæðisflokkurinn sértækar aðgerðir til að auka jafnrétti helst til þess fallnar að auka misrétti milli einstaklinga.<sup>40</sup>

Ásgerður Jóna Flosadóttir rannsakaði stöðu kvenna innan Sjálfstæðisflokksins á tímabilinu 1970-1990 en niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að meirihluti kvennanna, er þátt tóku í rannsókninni, var ekki ánægður með stöðu kvenna innan flokksins og vildi sjá breytingar á því sviði. Um 60% þeirra töldu stöðu kvenna slæma innan flokksins. Þær kenndu sjálfum sér um að gengi kynsystra þeirra væri ekki betra, þær sögðust ekki vera nógu ákveðnar, þær gæfu síður kost á sér til ábyrgðarstarfa og þær töldu að það væri eitthvað til er nefndist *kvenlegt hik*. Þá kom einnig fram að konurnar töldu menntun skipta miklu máli hvað þátttöku kvenna í stjórnámálum varðar.<sup>41</sup>

Konum í Sjálfstæðisflokknum þótti hlutur kynsystra sinna í prófkjörinu fyrir alþingiskosningarnar 2003 heldur rýr en aðeins betri staða var uppi á teningnum fyrir alþingiskosningarnar 2007. Í prófkjöri fyrir alþingiskosningarnar 2009 gáfu margir nýliðar kost á sér og þá sérstaklega mikið af ungu fólki af báðum kynjum en niðurstaðan varð sú að sitjandi þingmenn héldu sínum sætum og þá sérstaklega karlarnir og lítil sem engin endurnýjun átti sér stað á framboðslistum í þeim kjördæmum er rannsóknin náði til.

Í alþingiskosningunum árið 2003, 2007 og 2009 skipaði aðeins ein kona forystusæti á framboðslistum Sjálfstæðisflokksins eitt árið, í þeim kjördæmum sem rannsóknin náði til

---

<sup>40</sup> Heimassiða Sjálfstæðisflokksins: xd.is, sótt 15. nóv. 2009.

<sup>41</sup> Ásgerður Jóna Flosadóttir, „Um stöðu kvenna í Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík 1970-1991.“ (BA ritgerð Háskóli Íslands 1991).

## 6 Hvers vegna sækja konur ekki í meira mæli í forystusætin?

Í rannsókn Ásdísar Jónu Sigurjónsdóttur frá 2007 á því hvort konum gengi verr en körlum í prófkjörum stjórnmalaflokkanna kom í ljós að konur sækjast í mun minna mæli en karlar eftir forystusætum á framboðslistum. Ásdís rannsakaði alþingiskosningarnar árin 2003 og 2007. Í niðurstöðum hennar kom fram að af þeim 69 körlum sem tóku þátt í prófkjörunum fyrir alþingiskosningarnar 2003 sóttust 30 eftir 1. sætinu, eða rúm 43% og af þeim 43 konum sem voru í framboði sóttust eingöngu 11 eftir því að leiða listann, eða rúm 26%. Í alþingiskosningunum árið 2007 buðu 128 karlar sig fram og sóttust 31 þeirra eftir fyrsta sæti á framboðslista eða 24% og af þeim 75 konum sem voru í framboði fyrir sömu kosningar voru 11 konur sem sóttust eftir sama forystusæti, sem samsvarar tæpum 15%.<sup>42</sup> Niðurstaða Ásdísar samræmist vel niðurstöðu rannsóknar þeirra Auðar Styrkárdóttur og Svans Kristjánssonar, sem þau gerðu á alþingiskosningunum árið 1999 en í henni kom fram að af þeim 40 framboðslistum, sem rannsóknin náði til, leiddu eingöngu 11 konur framboðslista.<sup>43</sup>

Báðar rannsóknirnar sýndu fram á að ekkert benti til að konum gengi verr en körlum í prófkjörum en þær leiddu þó báðar í ljós að konur sækjast í mun minna mæli eftir forystusætum á framboðslistum en karlar. Sú niðurstaða vekur óneitanlega upp þá spurningu hvort ekki sé nauðsynlegt að rannsaka frekar hvaða þættir hafi áhrif á og geri það að verkum að konur bjóði sig ekki í meira mæli fram til forystu á vettvangi stórnmalanna.

Erfitt hefur reynt að rannsaka menningarlegar ástæður þess að konur taki ekki í þátt í stjórnmálum á jafns við karlmenn þar sem mælieiningarnar eru ekki svo auðmælanlegar en helst hefur verið notast við eigindlegar rannsóknir þar sem viðfangsefnið er oft og tíðum huglægs eðlis og verður sú nálgun notuð í þessari rannsókn.

Notuð var eigindleg rannsóknaraðferð við rannsóknina. Sú aðferð hefur ekki mikið verið notuð í rannsóknum innan stjórnmálafræðinnar. Aðferðin er ekki skýrandi eins og megindlegar rannsóknaraðferðir, sem algengast er að notuð er í rannsóknum innan

---

<sup>42</sup> Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir, „Eru tengsl milli kynferðis og árangurs í prófkjörum stjórnmalaflokka,(BA ritgerð Háskóli Íslands, 2007): 25-6.

<sup>43</sup> Svanur Kristjánsson og Auður Styrkárdóttir, *Konur, flokkar og framboð*, (2001): 35.

fræðinnar, heldur lýsandi. Hún byggist á því að þátttakendur séu fáir og ekki er hægt að alhæfa þar sem niðurstöðurnar byggja á upplifun þátttakendanna. Í eigindlegum rannsóknum er mikilvægt að rannsakandinn skilji þátttakandann eins og hann skilur sig sjálfur. Leitast er við að skilja reynslu þáttakenda frá þeirra eigin sjónarhorni. Séu viðtöl notuð við rannsóknina er nauðsynlegt að samræður séu á jafnréttisgrundvelli, rannsakandinn þarf að sýna áhuga og skilning og má ekki dæma á nokkurn hátt. Nauðsynlegt er að allar spurningar séu opnar og að hlustun og athygli rannsakandans sé fullkomlega til staðar.<sup>44</sup>

Útbúinn var spurningalisti (sjá viðauka) sem stuðst var við í viðtölunum. Þá var haft samband við þátttakendur í gegnum tölvupóst og þeim kynnt rannsóknin og þeir spurðir að því hvort þeir hefðu áhuga á að taka þátt í rannsókninni. Þátttakendum var heitið nafnleynd. Þegar samþykki þátttakenda lá fyrir voru fundir tímasettir, þar sem viðtölin fóru síðan fram. Viðtölin voru hljóðrituð, þau síðan afrituð og að lokum greind.

Tekin voru viðtöl við sex núverandi og fyrrverandi kvenþingmenn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, sem sóst höfðu eftir sætum mjög ofarlega á framboðslistum flokkanna. Þingmennirnir eru fulltrúar tveggja kynslóða, tvær teljast til eldri kynslóðar og fjórar til yngri og eru skiptin jöfn á flokka. Þingmennirnir koma úr tveimur kjördæmum. Viðtölin fóru fram í fundarsal Alþingis, á einkaskrifstofum þingmannanna og eitt viðtal fór fram í heimahúsi. Viðtölin fóru fram á tímabilinu frá nóvember til desember árið 2009 og hvert viðtal tók um það bil 40 mínútur.

Vert er að geta þess að starfandi þingmenn voru undir miklu álagi á þessu tímabili, þar sem IceSave umræðan á Alþingi stóð sem hæst og stutt var í jólaleyfi þingmanna. Telur rannsakandinn að tímasetning viðtalanna og þar með talin þreyta þingmannanna hafi hugsanlega haft jákvæð áhrif hvað það varðar að viðmælendurnir voru fremur afslappaðir og fúsir að ræða málefnið en hugsanlega neikvæð áhrif hvað það varðar að einbeitingin og þar af leiðandi upplifunin hafi ekki verið nægilega djúp.

---

<sup>44</sup> Harry F. Wolcott, „Writing Up Qualitative Research ... Better,“ *Qualitative Health Research* 12 (2002): 100-101.

## 7 Jafnréttismál og málefnaval

Stjórnmál voru öldum saman vettvangur karlmannna og stjórnmálaflokkar voru því í upphafi mótaðir af karlmönnum. Helstu áherslur stjórnmálanna hafa öldum saman verið á hernað, utanríkismál og fjármál en þessir málaflokkar flokkast allir undir hörðu málin í stjórnmálum. Um og eftir aldamótin 1900 urðu raddir kvenna háværingi í stjórnmálum á Íslandi sem leiddi til þess að kona komst fyrst í bæjarstjórn árið 1908. Konurnar voru talsmenn málefna sem ekki höfðu verið áberandi í stjórnmálaumræðunni fram að því en þær börðust fyrir mennta-, heilbrigðis- og velferðarmálum.<sup>45</sup>

Barbara Palmer og Dennis Simon gerðu viðamikla rannsókn á konum í þingkosningum í Bandaríkjunum á árunum 1956-2006. Palmer og Simon halda því fram að kjósendur upplifi það að konur séu frjálslýndari en karlmenn. Að konur séu samkeppnishæfari þegar kemur að málefnum eins og menntun, heilbrigðismálum, mannréttindum, umhverfismálum og velferðarmálum en karlar séu samkeppnishæfari þegar kemur að málefnum eins og skattamálum, fjármálum, glæpum, varnar- og utanríkismálum. Litið sé á konur sem mjúkar, samúðarfullar, áreiðanlegar og sem málamiðlara á meðan litið sé á karlmenn sem ákveðna, einbeitta, áræðna, sókndjarfa og fulla sjálfstrausts.<sup>46</sup>

Stjórnmálafræðingurinn Georgia Duerst-Lahti ræðir einnig, í umfjöllun sinni um konur í hæstu stöðum innan stjórnmála í Bandaríkjunum, að sögulega séð þá hafi náði samband á milli hernaðar og skrifræðis þróað af sér framkvæmdavaldið. Karlar hafi farið með framkvæmdavaldið og það því tekið á sig karllæga ímynd, sem hefur með tímanum gert það að verkum að litið er á konur sem „hinn aðilann“, *the other*, þær falli ekki að karllægu ímyndinni, þegar kemur að þátttöku innan þess. Hún segir jafnframt að karlkyns ímynd framkvæmdavaldsins geti virkað sem hindrun fyrir konur á framabrot en hins vegar sem

---

<sup>45</sup> Auður Styrkárdóttir, „From feminism to Class Politics, The Rise and Decline of Women’s Politics in Reykjavik, 1908-1922,“ (doktorsritgerð Umea University, 1998): 152-162.

<sup>46</sup> Barbara Palmer og Dennis Simon, *Breaking the Glass Ceiling-Women and Congressional Elections*, (2006): 134-5.

tækifæri fyrir karlmenn.<sup>47</sup> Undir þetta tekur Kathleen B. Jones, prófessor í kvennafræðum og hún bætir við að konum sé haldið til hliðar eða þær jafnvel útskúfaðar frá valdamiðjum í viðskiptalífinu, í stjórnmalaflokkum o.fl. og að það séu karlmenn sem haldi þeim meðvitað frá æðstu völdum innan umræddra starfsgreina.<sup>48</sup>

Í bandarískum stjórnmalum er gjarna litið á þrjú ráðuneyti sem mikilvægust og valdamest; fjármálaráðuneytið; varnarmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið. Þetta eru ráðuneyti malaflokka sem frá fornu fari falla hvað mest að karlmennsku ímyndinni og konur hafa síður en karlar náð miklum frama innan þessara malaflokka. Konur í stjórnmalum hafa helst náð miklum frama innan malaflokka, sem frá fornu fari falla að kvenímyndinni, eins og heilbrigðis- og mannúðarmál; velferðar-, mennta-, og verkalýðsmál. Þessir malaflokkar flokkast gjarnan í umræðunni undir „mjúku málin“ og eru ekki eins mikils metnir og þrjár fyrst nefndu malaflokkarnir þrátt fyrir að vera mjög mikilvægir þar sem þeir eru kostnaðarsamir og þungir á margan hátt fyrir ríkisreksturinn.<sup>49</sup>

Þar sem rótgrónar hugmyndir um hlutverk og stöðu kynjanna eru enn ríkjandi í undirmeðvitund einstaklinga og samfélaga þá er óhugsandi að sjá fyrir sér að konur og karlar skipi í jöfnu hlutfalli allar helstu stöður innan framkvæmdavaldsins og leiðtogastöður í náinni framtíð. Breytingar á hugmyndum um hlutverk og stöðu kynjanna er ferli sem tekur langan tíma og þarf stöðuga meðvitund og athygli eigi að ná árangri um jafna þátttöku kynjanna á umræddum sviðum.<sup>50</sup>

---

<sup>47</sup> Georgia Duerst-Lahti, „Reconceiving Theories of Power: Consequences of Masculinism in the Executive Branch,“ í *The Other Elites – Women, Politics, and Power in the Executive Branch*, ritst. MaryAnn Borelli og Janet M. Martin (1997): 18-19.

<sup>48</sup> Kathleen B. Jones. *Compassionate Authority: Democracy and the Representation of Women*. (1993), 118.

<sup>49</sup> Georgia Duerst-Lahti, „Reconceiving Theories of Power: Consequences of Masculinism in the Executive Branch,“ í *The Other Elites – Women, Politics, and Power in the Executive Branch*, ritst. MaryAnn Borelli og Janet M. Martin (1997): 20-1.

<sup>50</sup> Sama heimild: 26.



## 7.1 Sjálfstæðisflokkur

Sjálfstæðiskonurnar höfðu allar áhyggjur af umræðu um jafnréttismál kynjanna og framkvæmdum þar að lútandi innan Sjálfstæðisflokksins. Þær voru sammála um að umræðan um jafnréttismál væri afar mikilvæg fyrir flokkinn. Hins vegar upplifðu þær allar einhverja fyrirstöðu eða áhugaleysi á málefningu innan flokksins. Þær upplifðu að umræðan væri ekki eins sjálfsögð og þær teldu að hún ætti að vera og upplifun tveggja kvennanna var sú að körlum þætti málefnið ekkert sérlega áhugavert eða mikilvægt. Tvær kvennanna tjáðu sig nokkuð opinskátt um efnið en sú þriðja var varkárari í tjáningu sinni og gæti ástæðan verið sú að hún var reynsluminni en hinar.

Ein kvennanna upplifði mikla umræðu um stöðu kvenna innan flokksins og ákveðna meðvitund um mikilvægi þess að konur og karlar tækju að jöfnu þátt í flokksstarfinu og stjórnámálum almennt. Eins og hún orðaði það þá þyrfti flokkurinn að koma þeirri hugsun inn í höfuðið á fólki (kjósandanum) að það þurfi að kjósa bæði konur og karlmenn. Henni þótti afar óeðlilegt að konur væru alltaf í neðri sætunum á framboðslistum og fannst að ákveðna hugarfarsbreytingu þyrfti innan flokksins og hjá kjósandanum varðandi konur, án þess þó að hún útskýrði orð sín nánar:

„hversu erfitt er það fyrir svona venjulegan kjósenda að kjósa, ef maður væri með sko með kjörseðilinn fyrir framan sig, að kjósa bara konur á lista ... ef að það væri þannig að þær væru bara þúst bestu frambjóðendurnir ... myndu raða bara konum. Ef þetta væri á hinn veginn (körlum raðað í efstu sæti á lista) sko þá væri enginn að hugsa um það.“

Hún taldi flokkinn ekki vera kominn það langt í jafnréttismálum að hún sæi fyrir sér að konur röðuðust í tvö til þrjú efstu sæti á framboðslistum flokksins í náinni framtíð.

Upplifanir hinna tveggja kvennanna voru hins vegar sterkari hvað málefnið varðaði. Þær upplifðu báðar ákveðið áhugaleysi karla innan flokksins varðandi jafnréttisumræðuna og fannst þeir ekki vilja taka þátt í umræðunni af þeim þunga, sem þær töldu mikilvægt að þeir gerðu. Þær töldu báðar mikilvægt að til þess að framkalla viðhorfsbreytingu hjá kjósendum varðandi jafna þátttöku kvenna og karla í stjórnámálum þyrftu karlar innan flokksins að sýna málefningu raunverulegan áhuga og þeir þyrftu að vera sýnilegir út á við í þeirri umræðu. Önnur þeirra lagði áherslu á að formaður flokksins (karlmaður) ræddi málefnið af áhuga og

Þunga á aðalfundum flokksfélaganna á landsvísu í stað þess að varaformaðurinn (kvenmaður) tæki þá umræðu nánast alltaf. Ef formaðurinn gæfi sig af þunga í þá umræðu þá væru það sterkari skilaboð til hins almenna flokksmanns. Hún upplifði einnig að viðhorf karla innan flokksins væri svolítið á þann veg að konur ættu að bjarga kvennafylginu.

„ég ætla ekki að segja að þetta sé erfitt uppdráttar en þú veist það eru bara sumir strákar sem að þú veist þeir detta út þegar byrjað er að tala um jafnréttismál í stað þess bara að hugsa um mikilvægi þess að fá t.d ungar konur og bara konur til fylgis við flokkinn því við munum aldrei komast vel yfir 30% markið nema með að fá drjúgan og meiri stuðning kvenna heldur en við höfum í dag.“

Konurnar söknuðu, eins og fyrr segir, þess að jafnréttisumræðan væri ekki orðin sjálfsgöðari innan flokksins. Þær upplifðu að einhverju leyti ákveðinn þirring karla gagnvart því að einhver „stýring“ væri í gangi og þegar einhver „stýring“ væri í gangi þá væri talað um að það væri fyrir konur sérstaklega en ekki einhvern ákveðinn málaflokk. Þá kom einnig fram hjá einum viðmælandanum að honum þætti karlarnir ekki tileinka sér það hvernig ætti að nálgast konur. Þeir kynnu að nálgast karllæga atvinnuvegi en ekki kvenlægar stéttir:

„og ég held að hluti af því (fylgistað flokksins) sé að strákarnir eru ekki að tileinka sér hlutina. Þeir eru ekki að tileinka sér umræðuna um jafnréttismál. Þeir eru ekki að tileinka sér hvernig á að nálgast konur. Þeir kunna að tala við sjómenn, þeir kunna að tala við viðskiptalífið en þeir eru ekkert rosalega færir að fara inn í kvennastéttir og tala við kvennastéttir, hvort sem það eru hjúkrunarfræðingar, kennarar eða eitthvað annað.“

Í orðræðu kvennanna má glögggt greina að þær upplifa áhugaleysi karla innan flokksins á umræðunni um jafnrétti og stöðu kynjanna og þá jafnvel þá afstöðu að jafnréttismál séu mál kvennanna sjálfra. Þá má einnig greina undirliggjandi gremju þeirra varðandi áhugaleysið og að málefnið skuli ekki vega þyngra hjá flokksmönnum almennt.

Sé hins vegar litið á málefni og málefnaval þeirra sem starfa innan flokkanna og hvort greina megi einhvern mun á kynjunum hvað það varðar kom í ljós að allar konurnar upplifðu mjög greinilega muninn á mjúku og hörðu málefnum. Þær upplifðu að konur hefðu yfir heildina séð fremur áhuga á mjúku málefnum en karlarnir á þeim hörðu.

Ein kvennanna upplifði orðræðu talsmanna Sjálfstæðisflokksins fyrir alþingiskosningarnar 2009 til dæmis þannig að hörðu gildin væru það sem skipti mestu máli,

að þeir sem náðu besta brautargenginu í prófkjörinu fyrir þær kosningar hafi verið hagfræðingar og lögfræðingar, talsmenn hörðu gildanna. Hún vill sjá meðvitaða breytingu á orðræðunni innan flokksins og að henni yrði beint í auknu mæli að fjölskyldunni, heimilunum, heilbrigðisþjónustunni og menntun. Þáttum sem skipta hinn almenna kjósanda máli sérstaklega, því það eru mál sem almenningur er að glíma við dags daglega.

Upplifun annars viðmælanda var sú að kynin ættu jafna möguleika innan stjórn málaflokksins en tók þó fram að það hefði líka með málaflokkana að gera, þ.e. hvaða málaflokka konur veldu sér. Hennar tilfinning var sú að framgangna kvenna hefði eitthvað með val á málaflokkum að gera. Hún sjálf hefði alltaf verið í karllægum málaflokkum, hefði starfað lengi í mjög karllægu umhverfi og henni gengi vel og væri viðurkennd innan þess. Hún var þó ósátt við ríkjandi viðhorf innanflokksmannsins á hörðu og mjúku málunum:

„Mér hefur samt alltaf fundist vera svolítill misskilningur með þessa málaflokka ... Við höfum nú verið að tala um innan flokksins að núna í þessu ástandi að þú veist velferðamálin, af því að við erum að tala um mjúk og hörð mál, þá eru þau mál náttúrlega grjóthörð mál. Þetta eru helstu útgjaldaliðir ríkisins, eru þarna, þannig að þarna er hægt að gera töluvert mikið en það er svolítið skrítið, karlar hafa ekki verið mikið þar, það er bara svo skrítið, þeir virðast ekki hafa eins mikinn áhuga.“

Annar viðmælandi upplifði það að karlarnir í forystunni væru ekki að tileinka sér hlutina og að þeir tækju síður þátt í mjúku málunum á meðan konur innan flokksins séu mun sveigjanlegri hvað það varðar að taka þátt í jafnt mjúku sem hörðu málunum.

## 7.2 Samfylking

Allar samfylkingarkonurnar sem rætt var við voru fremur sáttar við jafnréttisumræðuna innan Samfylkingarinnar. Þær upplifðu allar að það væri sterk meðvitund innan flokksins um að jafnréttismálin væru í lagi en þó kom fram að karlarnir virtust ekki sýna málefninu sama áhuga og konur og að konur bæru umræðuna meira og minna uppi:

„jauh þeim finnst, þeir vilja hafa þessa hluti í lagi en þeir vilja kannski ekki, þeir fara ekki í djúpa umræðu um það (kynjafnréttið), einhverjar leiðir til að laga það. Þeim finnst að einhverjir aðrir eigi að leysa þetta af því að menn vilja hafa þetta í lagi en svo náttúrulega bara spurning hvað hver og einn er tilbúinn að leggja á sig.“

Í Samfylkingunni er farið eftir svokallaðri kvótareglu þegar skipað er í málefnanefndir. Það þýðir að hlutfall hvors kyns má ekki fara undir 40% í hverri nefnd. Þetta gerir það að verkum að nokkuð jöfn kynjaskipting er í nefndum og því hugsanlega erfiðara fyrir kynin að velja sér nákvæmlega það sem þau hafa mestan áhuga á.

Konurnar virtust allar vera nokkuð sáttar við þá skipan mála innan flokksins. Tvær kvennanna upplifðu mun á kynjunum hvað varðaði áhuga á málefnum, þ.e. að konur sæktu heldur í mýkri málin en karlarnir í þau hörðu og sú þriðja nefndi sérstaklega að áhugasvið kynjanna í stjórnmálum væri ólíkt, það væri bara þannig:

„ég hef sko sjálf meðvitað og stundum þurft að pína mig til þess þá hef ég meðvitað ekki verið í þessum mjúku málum og heldur bara í þessum svona karlamálum.“

Einn viðmælandinn upplifði mikinn mun á málefnavali kynjanna þegar kæmi að skiptingu ráðuneyta í ríkisstjórn. Hún upplifði að karlarnir beittu miklu meiri þrýstingi til þess að komast í ráðuneyti hörðu málanna og gerðu miklu meira tilkall til hins og þessa en konur gerðu, þeir væru almennt kröfuharðari.

Samfylkingarkonunum var umhugaðra um þætti eins og fundartíma og skipulag funda fremur en kynjaskiptingu málefnanefnda. Ein þeirra upplifði fundauppbýgginguna karllæga, það að flytja mál sitt í ræðupúlti væri ekki hvetjandi fyrir konur ásamt því að fundartími á kvöldin hentaði konum hugsanlega síður en körlum. Önnur upplifði karlmennina í floknum duglegri við að sækja málefnafundum og auk þess væru þeir duglegri en konur að koma skoðunum sínum á framfæri innan nefnda og á fundum. Hún vildi einnig sjá nálgun á hörðu málaflokkana breytast

þannig að þeir væru kvenlægari, án þess þó að skýra frekar hvaða breytingar þyrftu að eiga sér stað svo að svo mætti verða.

## 8 Prófkjör og kynjakvótar

Prófkjör er framboðsaðferð sem íslenskir stjórnmálaflokkar hafa tekið upp í seinni tíð. Framboðsaðferðin er mikið notuð í bandarískum stjórnmálum og er upprunnin þaðan. Prófkjör eru talin leið til að auka tækifæri einstaklinga til þátttöku í stjórnmálum en hafa um leið verið gagnrýnd fyrir að firra stjórnmálaflokka ábyrgð á framboðslistum sínum, ábyrgðin hafi verið sett í hendur kjósenda og öllum kostnaði og fyrirhöfn varðandi framboðin í hendur frambjóðendanna sjálfra.<sup>51</sup>

Prófkjör geta hvort heldur verið opin eða lokuð. Í Bandaríkjunum eru opin prófkjör algeng en þar getur hver sem er kosið, viðkomandi þarf ekki að vera flokksbundinn stjórnmálaflokki eða hafa skrifað undir stuðningsyfirlýsingu við flokk.<sup>52</sup> Þessi aðferð hefur verið notuð á Íslandi en þó hefur í sumum tilfellum tíðkast að kjósendinn skrifi undir stuðningsyfirlýsingu við flokkinn sem stendur fyrir prófkjörinu. Lokuð prófkjör eru hins vegar algeng á Íslandi en þá þarf kjósendinn að vera flokksbundinn flokknum sem stendur fyrir prófkjörinu. Hann getur þó í mörgum tilfellum skráð sig í flokkinn á kjörstað og má því segja að lokaða prófkjörin sé nokkuð opið því kjósendinn getur að sjálfsögðu skráð sig úr flokknum nokkrum dögum eftir að prófkjörin fór fram.

Í tilraun til að jafna stöðu skynjanna innan stjórnmálanna voru kynjakvótar teknir upp á áttunda áratug síðustu aldar. Stjórnmálaflokkar á Norðurlöndunum hafa verið leiðandi í þeirri aðgerð og hafa þeir náð ágætum árangri á heimsmælikvarða hvað varðar að jafna hlut kynjanna t.d. á þjóðþingum. Stjórnmálaflokkar víðs vegar um heiminn hafa fetað í fótspor Norðurlandanna og eru útfærslur á framkvæmdinni af ýmsum toga.<sup>53</sup>

Stjórnmálafræðingurinn Mona Lena Krook talar um að vinstri flokkar séu töluvert opnari gagnvart kynjakvótum en hægri flokkar. Ástæðan sé sú að vinstri flokkar standi fyrir

---

<sup>51</sup> Svanur Kristjánsson og Auður Styrkárdóttir, *Konur, flokkar og framboð*, (2001): 47.

<sup>52</sup> Sama heimild: 47.

<sup>53</sup> Anne Phillips, *The Politics of Presence: The Political Representation of Gender Ethnicity and Race*, (1995): 56.

almennum jöfnuði í samfélögum og samræmist því hugmyndin um kynjajöfnuð þeirri stefnu. Hægri flokkar standa fremur fyrir einstaklingshyggju og samrýmast hvers konar stýringar, s.s. kynjakvótar, síður stefnu þeirra.<sup>54</sup>

## 8.1 Sjálfstæðisflokkur

Sjálfstæðiskonurnar sem þátt tóku í rannsókninni voru sammála um að prófkjörleiðin hentaði þeim sjálfum afar vel en voru jafnframt efins um að leiðin hentaði konum almennt til frama í stjórnámálum. Tveir kvenviðmælanda lögðu áherslu á að þær væru hlynntar prófkjörum og gætu vel hugsað sér að leiða framboðslista flokksins. Þær tóku það einnig fram að þær væru vanar að starfa að karllægum málefnum innan stjórnmalanna og ein þeirra tók sérstaklega fram að hún væri sjálf svolítill strákastelpa og gaf það til kynna að hún ætti auðveldara með aðlagast strákaheiminum en konur almennt. Þær gáfu báðar til kynna að þessi góða aðlögun þeirra að hinum karllæga heimi gæfi þeim hugsanlega forskot á aðrar konur hvað varðar baráttu um oddvitasæti í prófkjörum.

Á ákveðnum tímapunkti á stjórnmalferli sínum stefndi önnur þeirra að framboðsslag um oddvitasætið í sínu kjördæmi en úr því varð ekki þar sem tekin var ákvörðun um uppstillingu á lista fremur en prófkjör. Hinn viðmælandinn hafði aðeins tekið þátt í einu prófkjöri og náði þá einu af efstu sætunum eins og hún sóttist eftir. Þær voru sammála um það að án prófkjörs hefðu þær mjög líklega ekki náð eins langt innan stjórnmalanna og þær hafa gert á skömmum tíma.

Einn viðmælanda komst inn á framboðslista flokksins í prófkjöri og telur hann að hann hefði átt mun erfiðara með að ná inn á lista ef það hefði verið stillt upp á lista af flokknum. Hún telur að prófkjör gefi bæði frambjóðendum og kjósendum tækifæri til að hafa áhrif á breytingar þar með talið að auka vægi kvenna á framboðslistum:

---

<sup>54</sup> Mona Lena Krook, *Quotas for Women in Politics: Gender and Candidate Selection Reform Worldwide*, (2009), 9-11.

„Ég kom inn í prófkör árið X og ef það hefði verið raðað upp þá hefði ég aldrei komist að. Ég fékk tækifæri í gegnum prófkjör því að fólkið vildi breytingar, fólkið vildi fleiri konur, það vildi ný andlit og þá af því að það hafði verið prófkjör árið X líka (fjórur árum áður) ... þá var almennt talað um að það væri svo karllægur listi.“

Einn viðmælanda telur prófkjörsléiðina góða því hún gefi fólki með ólíkan bakgrunn tækifæri til þess að gefa kost á sér. Því hann telur mikilvægt að stjórnmálamenn flokksins megi ekki aðeins koma úr innsta hring flokksins. Ef uppstillingarleiðin er valin þá dregur það úr tækifærum nýrra og lítt þekktra frambjóðenda sem honum finnst miður:

„en mér finnst prófkjörsléiðin góð vegna þess að það gefur fólki tækifæri til að bjóða sig fram sem er ekkert endilega að koma úr flokksstofnunum og þarna og ég hef sjálf gagnrýnt það svolítið þegar menn koma of mikið innan úr flokknum bara. Það er mikilvægt að fólk geti komið utan frá og þess vegna komið og ef það er uppröðun þá horfir fólk svo bara mikið á það fólk sem er bara við nefið á því sko“

Viðmælandi telur að þjóðþekktir einstaklingar í framboði eigi auðveldara framdráttar í prófkjörum en það sé nauðsynlegt að það séu tækifæri til staðar fyrir lítt þekktari einstaklinga sem starfað hafa ötullega fyrir flokkinn og myndað sér tengslanet:

„já, fólk sem er þekkt og hefur sannað sig annars staðar, það er oft eftirspurn eftir því en það þarf hins vegar að vera ákveðinn gluggi fyrir ... þeir sem hafa verið að vinna innan flokksins og myndað sitt tengslanet, það sé ekki búíð að loka fyrir þá.“

Viðmælandi telur að prófkjör sé sérlega hentug leið fyrir karlmenn í stjórnmálum því prófkjör byggist á nokkurs konar keppni og karlmenn virðist verða keyrðir áfram af meira keppnisskapi en konur. Hún líkir körlum og konum í prófkjörum við börn að leik á skólalóðinni þar sem drengirnir eru úti á velli að keppa en stúlkurnar séu síður í því og velji aðra leiki. Aðferðafræði kynjanna og nálgun sé bara gjörólík:

„Prófkjör eru aðferð karla til að ná árangri í pólitík og það byggist m.a. á því að ... það er þetta kapp, kappið, samkeppnin ef þú bara horfir á hvernig



krakkar í grunnskóla, hvernig þau leika sér, strákarnir eru alltaf úti að keppa á meðan stelpurnar eru að vinna í allt öðrum hlutum ... þá er prófkjörið, kappið í kringum það er miklu meira strákaaðferðafræði, stelpuaðferðafræðin er önnur“

Annar viðmælandi telur það mjög mikilvægt að konur láti prófkjör ekki aftra sér frá þátttöku þær þurfi að standa fyrir sínu og hafa fyrir hlutnum. Það sé styrkur fyrir stjórnmalakonu að ná góðu sæti á lista því þú kemst ekki þangað nema að það sé verðskuldað og þú hafir breiðan stuðning. Það er ekki sjálfgefið fyrir konur að komast að þær þurfa að berjast fyrir sínu:

„en hérna á móti kemur að það er ótrúlega mikilvægt fyrir konur að fara í gegnum prófkjör bara til þess að standa í baráttunni, þurfa að hafa fyrir hlutunum og fá síðan það sæti sem þær sækjast eftir sko verðskuldað sko með breiðan stuðning að baki ekki með uppstillingu og svo framvegis“

En hún upplifir það jafnframt að konur séu oft áhættufælnari og átakafælnari en karlmenn og sæki því síður í þann slag sem gjarnan fylgir prófkjörnum. Hún segir sjálfa sig hafa stefnt að sæti, einu af efstu sætum listans, sem hún hafi fyrirfram verið nokkuð örugg um að ná og að hún hafi verið „kalkúleruð“ þegar ákvörðun var tekin um hvaða sæti skyldi stefna að.

Viðmælandi nefnir að smölunin sem á sér stað í prófkjörum henti konum ekki eins vel og körlum. Karlar séu t.d. oftast sterkari innan íþróttahreyfingarinnar og á slíkum vettvangi og eigi því auðveldara að smala saman mikið af fólki en allar eru sjálfstæðiskonurnar sammála um það að ein af lykilforsendum þess að ganga vel í prófkjöri sé gott og öflugt tengslanet.

Ein kvennanna telur að árangursríkasta leiðin fyrir konur sem vilja koma sér áfram innan Sjálfstæðisflokksins sé að byggja upp öflugt tengslanet. Það sé mikilvægt að konur sem stefni á frama innan stjórnmálanna séu ófeimnar og óhræddar við að nýta sér þau tækifæri sem bjóðast. Hún telur að tækifærin séu til staðar fyrir þá sem leggja sig fram við að nýta þau:

„Árangursríkasta leiðin fyrir konur innan Sjálfstæðisflokksins er að byggja upp tengslanet ... vera ófeimnar og vera djarfar í að nýta sér svigrúmið sem er innan flokksins, svigrúmið er mikið ef að þú vilt beita þér þá geturðu haft

áhrif iiiii mikil áhrif, þannig að ég held að þetta sé svona að byggja þetta upp að innan“

Önnur telur að það sé tvennt sem skipti máli til að öðlast frama innan flokksins. Í fyrsta lagi þarf einstaklingurinn að vera tilbúinn til þess að axla mikla ábyrgð en hún telur að margar konur séu ekki raunverulega tilbúnar í svo mikla ábyrgð. Þær þurfi meiri hvatningu til þess að taka ábyrgð og það er líka mikilvægt að þær tali skýrt út um hlutina:

„jahhh, ég held að það sé tvennt sem skiptir máli, fyrsta lagi að vera tilbúin til að taka ábyrgð ... vera raunverulega tilbúin ... það er oft vandinn að konurnar vilja sko ekki fara alveg þangað (taka ábyrgð) ... það þarf að hvetja þær til að taka ábyrgð, þá gera þær það og síðan þurfa þær – og við – að tala skýrt þú veist í því sem við erum að tala um“

Sjálfstæðiskonurnar voru sammála um að helsti ókostur prófkjaranna sé kostnaðurinn. Þær upplifa allar að það sé veruleg hindrun varðandi þátttöku kvenna í stjórnámálum, því þær hafi ekki aðgang að eins miklum fjármunum og karlar virðast hafa og að það sé afar erfitt að taka þátt í slíku kostnaðasömu ferli reglulega (á fjögurra ára fresti):

„sko, ef við segjum svo að ég hefði tekið ákvörðun um það fara að sækjast eftir fyrsta sætinu og horfum bara á fjármagnið sem fór í það , í vor hafði ég ekki aðgang að þessu fjármagni og hérna og þannig það var tapaður slagur fyrirfram tel ég“

„þú veist ég veit hversu erfitt það er fyrir fólkið (afla fjármagns) en þarna það er svona að ef maður er að borga svona prófkjör sjálfur og það er náttúrliga ekkert hægt að gera það svona slag í slag (endurtekin prófkjör), það er svo verulegur kostnaður“

Þegar vikið er að viðhorfum og upplifun kvennanna varðandi aðgerðir til að jafna kynjahlutfall á framboðslistum kemur glöggt í ljós að tvær kvennanna telja kynjakvótaleiðina alls ekki samræmast stefnu flokksins. Ef svo ólíklega vildi til að slíkt kerfi yrði tekið upp í flokknum yrði vissulega farið eftir því en þær töldu að svo yrði ekki í bráð. Skoðanir þeirra eru

í samræmi við stefnu flokksins varðandi jafnréttismál þ.e. að hver og einn sé valinn á framboðslista af eigin verðleikum, óháð kyni:

„Þetta er reyndar regla (kynjakvótar) sem ég er á móti. Ég vil miklu frekar að fólk geri þetta, átti sig sjálft á ábyrgðinni. Það á ekki að taka ábyrgðakenndina frá því. Það verður að taka virkan þátt í því að breyta, ekki láta miðstýringuna breyta kerfinu heldur að þetta komi frá grasrótinni“

En önnur kvennanna telur óhugsandi að hún hefði komist á þann stað þar sem hún er í stjórnmalunum nema vegna eigin hæfni:

„Ég get ekki hugsað mér að vera í þeirri stöðu að ég verði sett á lista vegna þess að ég sé kvenmaður sko. Ég vil bara vera viss um það að ég sé sú sem viðkomandi vill kjósa og og bíddu, við eigum mjög erfitt með að hverfa frá þeirri skoðun okkar. Þess vegna erum við að reyna að gera þetta þannig með því að benda fólki það að það sé betra fyrir flokkinn að betra fyrir umræðuna í flokknum að hafa þessi sjónarmið blönduð og koma þú veist ... að það sé bara það sé bara betra og mér finnst það svona smám saman að vera að koma þú veist“

Þriðja konan nefndi að kynjakvótar hefðu vissulega komið upp í umræðunni og vissulega myndi slík aðgerð rétta hlut kvenna í flokknum en hún taldi þó að kynjakvótar að sumu leyti stríða gegn hugmyndafræði flokksins um að fólk eigi að vera valið að verðleikum.

## 8.2 Samfylking

Upplifun tveggja samfylkingarkvennanna af prófkjörum var fremur neikvæð. Þær voru ósáttar við slaginn og baráttuna sem fylgir prófkjörum og hinn gífurlega kostnað sem frambjóðendur taka á sig. Þriðju konunni fannst þessi framboðsaðferð ekki henta sér persónulega, hún vildi fremur sjá uppröðun og þá í formi fléttulista. Ein kvennanna var sérstaklega ósátt við kostnaðinn sem fylgdi prófkjörsbaráttunni og upplifun hennar var sú að konur fældust frá því að keppa um forystusæti út frá þessum forsendum þar sem kostnaðurinn á bakvið efstu sætin á listunum er oft og tíðum mun meiri en um sætin neðar á lista:

„ég sko, það gera þær sums staðar (sækjast síður eftir forystusætum), ég held sko að þessi stóru opnu, dýru prófkjör, þau fæla svo mikið frá. Ég þekki það af eigin reynslu, að hérna, ég hef farið í galopið prófkjör þ.s. X manns tóku þátt, það er meira en að segja það og það kostar alveg gríðarlega fjármuni og sko og kannski eru margar konur ekki eins vel tengdar til að mynda eins og karlar til að sækja fjármuni og þú setur ekkert margar milljónir úr eigin vasa í svona“

Ein samfylkingarkonan taldi prófkjörin eiga mjög vel við sig. Hún væri „strákastelpa“ og prófkjör væru afar hentug leið fyrir hana persónulega en hún gat ekki hugsað sér að leiða lista vegna því aukna vinnuálagi sem því fylgdi:

„sjálf er ég hrifnust af af prófkjörum af því að ef að maður hefur náð sér í kjarkinn og sjálfstraustið þá ertu að keppa á jafnréttisgrunni en ef að þú ert að kepp... ef að þetta snýst eða þú ert að bjóða þig fram á jafnréttisgrunni og þú segir bara: „hér er ég!“ og bara þú velur fólk og mér hefur fundist þessi leið henta mér. Mér líður best í því (að taka þátt í prófkjörum).“

Allar töldu þær sig hafa verið „kalkúleraðar“ þegar þær tóku ákvörðun um hvaða sæti skyldi stefnt að í prófkjöri. Tvær þeirra höfðu íhugað að stefna á forystusæti á framboðslistum en ákveðið að gera það ekki aðallega vegna þess að því sæti fylgdi meiri viðvera og kostnaður. Þær hefðu ákveðið að stefna að einu ákveðnu sæti meðal þeirra efstu því það hafi verið nokkuð öruggt fyrirfram að þær næðu kjöri í þau sæti sem þær sóttust eftir.

Samfylkingarkonurnar voru mjög sáttar við kynjakvótaregluna sem flokkurinn fer eftir og töldu hana lykilinn að því að stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna innan flokksins. Þær vildu þó allar sjá enn meiri jöfnuð kynjanna á framboðslistum. Einn viðmælandinn sagði að ekki væri farið eftir kynjakvótareglunni í öllum kjördæmum þar sem annað kynið gæti skipað bæði fyrsta og annað sætið á lista og hitt kynið þá þriðja sætið. Þetta þótti henni óeðlilegt, annað kynið ætti að skipa fyrsta sætið og hitt kynið annað sætið, annað væri ekki eðlilegt.

## 9 Hliðverðir

Einn þeirra þátta sem litið hefur verið til þegar litið er á framgang kvenna í stjórnmálum er það hvort hliðverðir, *gate keepers*, innan flokkanna hindri frama þeirra. Stjórnmálaflokkar beita gjarna mismunandi aðferðum við að velja forystusveit sína. Prófkjör hafa verið vinsæl leið til þess hér á landi undanfarin ár auk þess sem notast hefur verið við fléttulista ásamt því að fleiri leiðir hafa verið farnar til að velja frambjóðendur á framboðslista flokkanna. Gengi kvenna í prófkjörum hefur gjarna verið gagnrýnt ekki síst vegna þess hversu fáar konur ná og sækjast eftir því að skipa efstu sæti framboðslistanna. Stjórnmálafræðingarnir Joni Lovenduski og Pippa Norris segja að þó svo að einstaklingar vilji ná frama og forystu innan flokkanna þá sé sú leið ekki alltaf auðfarin. Innan flokkanna séu aðilar sem ákvarða hvort einstaklingurinn teljist nógu góður eða hæfur til að vera í framboði eða skipa sæti á lista. Þessir aðilar ákvarða jafnframt hvaða sæti viðkomandi frambjóðandi ætti að sækjast eftir í prófkjöri flokksins eða skipa noti flokkurinn uppröðun við samsetningu framboðslistanna. Lovenduski og Norris telja því að framgangur kvenna innan stjórnmálaflokkanna sé því ekki eingöngu undir vilja þeirra sjálfra kominn. Konur hefðu hugsanlega fullan hug og vilja til að sækjast eftir forystustörfum en aðilar innan flokkanna héldu þeim frá þeirri sókn.<sup>55</sup>

Einum viðmælandanum hafði gengið ágætlega í sínu fyrsta prófkjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn og fjórum árum síðar hugðist hann sækjast eftir forystusæti á lista í sínu kjördæmi og „taka slaginn“ eins og hann orðaði það, við karlmann sem einnig sóttist eftir oddvitasætinu. Viðmælandinn er mjög kraftmikil og metnaðarfull kona sem hafði ætlaði sér alla leið en segja má að slegið hafi verið á fingur hennar þegar flokkurinn ákvað að fara ekki prófkjörleiðina í hennar kjördæmi. Hún sóttist hart eftir því að prófkjörleiðin yrði farin því hún taldi þá leið geta komið sér langt, ef ekki alla leið. Í stað þess að fara prófkjörleiðina ákvað flokkurinn hins vegar að notast við uppröðun og karlmaðurinn, sem viðmælandinn

---

<sup>55</sup> Pippa Norris, „Conclusions: Comparing Legislative Recruitment,“ í *Gender and Party Politics*, ritst. Joni Lovenduski og Pippa Norris (1993): 329-30.

hugðist etja kappi við, var settur í fyrsta sætið. Sjálfstæðiskonan virtist sannfærð um að ein ástæða þess að komið hafi verið í veg fyrir prófkjör hafi verið hræðsla valdamikilla aðila innan flokksins um gott gengi hennar í prófkjörinu og að henni tækist hugsanlega að fella sitjandi karlkyns oddvita. Að bjóða sig fram á móti sitjandi oddvita er talinn mjög erfiður leikur og ein ástæða þess að endurnýjun sé ekki meiri en hún er á framboðslistum.<sup>56</sup> Í þessu ákveðna tilviki virðist oddvitinn hafa verið nokkuð veikur og viðmælandinn verið nokkuð örugg um að ná að sigra hann í prófkjöri.

Sjórnmálafræðingurinn Kira Sanbonmatsu hefur rannsakað bandarísk stjórnsmál og segir að konur eigi auðveldar með að ná frama innan *Demókrataflokksins* en *Repúblikanaflokksins*. Konur eigi auðveldar með að feta sig áfram í flokkum sem leggja áherslu á mjúku málefni en þau hörðu og flokkar hún *Demókrataflokkinn* undir hið fyrra og *Repúblikanaflokkinn* undir hið síðara.<sup>57</sup>

Ef þetta yrði yfirfært yfir á íslensk stjórnsmál þá mætti gera ráð fyrir því að konur innan Sjálfstæðisflokksins ættu erfiðar með að ná frama en konur innan t.d. Samfylkingarinnar.

Í umræddu tilfelli er ekki hægt að segja til um hvort kynferði viðmælandans hafi haft áhrif á ákvörðun aðilanna innan flokksins en það má vissulega velta því fyrir sér þar sem hún var afar metnaðarfull, vel menntuð og talin búa yfir miklum kjörþokka þá hafði hún sterkt og mikið tengslanet utan stjórnsmálanna. Hún hafði því klárlega þá leiðtogaþæfileika til að bera sem nauðsynlegir þykja til að leiða flokkinn í kosningabaráttu.

Hefði þetta ákveðna dæmi litið öðruvísi út hefði hún verið karlmaður með sömu eiginleika? Hefði þá þótt sjálfsagt að bjóða fram á móti öðrum karlmanni eða hefði þótt sjálfsagt að hún tæki forystusætið? Hefði dæmið litið á annan hátt út ef viðmælandinn hefði ekki verið í stjórnsmálaflokki sem flokkast á hægri væng stjórnsmálanna?

---

<sup>56</sup> Barbara Palmer og Dennis Simon, *Breaking the Political Glass Ceiling-Women and Congressional Election*, (2006): 100.

<sup>57</sup> Kira Sanbonmatsu, „Political parties and the Recruitment of Women in State Legislature,“ *The Journal of Politics* 64 (2002): 793-5.

Hliðarverðir flokkanna virðast, í einhverjum tilfellum hafa ákveðið úrslitavald þegar kemur að því hvernig listar þeirra munu koma til með að líta og hugsanlega eiga konur innan Sjálfstæðisflokksins erfiðara með að sækja á toppinn en konur í öðrum stjórnmálaflokkum.

## 10 Starfsumhverfi stjórnámamannsins

Starfsumhverfi stjórnámamannsins er atriði sem huga mætti að þegar litið er á þátttöku kvenna í stjórnámum og frama innan þeirra. Það kom glögglega í ljós í viðtölum við fjóra yngri stjórnámamennina að Alþingi væri afar ófjölskylduvænn vinnustaður og það hefði mjög fælandi áhrif á þátttöku kvenna í landsmálunum innan stjórnámanna að þeirra mati.

Langur og óreglulegur vinnutími og vinnuálag á Alþingi hentaði fjölskyldufólk illa og það virðist bitna fremur á konum en körlum. Einn þátttakendanna hafði starfsreynslu af sveitarstjórnarstiginu og nefndi að starfsumhverfið þar væri mun þægilegra og fjölskylduvænna og taldi þess vegna að konur væru líklega fleiri þátttakendur í því umhverfi en á Alþingi. Það væri mjög erfitt að skipuleggja fjölskyldulífið þegar um svo óreglulegan vinnutíma og mikla viðveru utan hefðbundis dagvinnutíma væri að ræða. Aðrir yrðu að taka ábyrgðina á fjölskyldunni og heimilinu því það væri nánast ómögulegt að gera það samhliða þessu starfi. Hennar upplifun var einnig sú að konur tækju meira nærri sér en karlar að geta ekki sinnt börnum og búi.

Annar viðmælandi hafði þungar áhyggjur af stöðu stjórnámanna vegna þessa starfsumhverfis. Hún sagði vinnuálagið vera fáránlegt og það fæli konurnar klárlega frá þessu umhverfi:

„t.d. þetta haust, frá því að þing kom saman og ég sit í X-nefnd ... svona dæmigerðri karlanefnd. Við erum bara búin að vera að vinna í allt sumar, alltaf fram á kvöld og alltaf fram á nótt. Ég hef ekki verið heima hjá mér núna í tvær, þrjár vikur og kvöld ... ekki eitt einasta kvöld og ég hef áhyggjur af þessu og ég held því fram að þetta hafi ekkert með skilvirkni að gera.“

Hún upplifði einnig kynslóðabil á þinginu hvað varðar viðhorf til starfsumhverfisins. Eldri karlkyns þingmenn teldu óreglulegan vinnutíma og sveiflur á vinnuálagi vera hluta af skemmtilegri stemningu á þingi en yngri þingmennirnir væru í miklum vandræðum með að sameina þessar sveiflur fjölskyldulífinu:



*„...Krakkarnir sofa yfir sig og komast kannski ekki í skólann og enginn heima og allt í steik sko, getur ekki mætt á foreldrafundi og þetta er alveg svakalegt.“*

Hún var þeirrar skoðunar þetta hefði meira fælandi áhrif á konur en karla vegna þess að þær væru varkárari, samviskusamari og fyndu fyrir meiri ábyrgð gangvart fjölskyldunni.

Umræða um starfsumhverfi og vinnalag stjórnálagmálmánnansins kom einnig fram þegar rætt var um það að sækjast eftir forystusæti á framboðslista. Þrír viðmælendur settu það fyrir sig þegar kom að því að taka ákvörðun um hvaða sæti skyldi stefna að í prófkjöri. Allar töldu þær að hin aukna vinna og ábyrgð sem fælist í því að sækjast eftir oddvitasæti væri ekki þess virði.

Staða oddvita hefði í för með sér mikla viðveru á fundum og mikil ferðalög um kjördæmin. Þær voru sammála um að það að með því að skipa annað sæti slyppu þær við svo mikla viðveru en skipuðu samt sem áður áhrifamikil sæti.

## 11 Niðurstaða

Í rannsókninni var leitast við að kanna hvort greina mætti eitthvað innan stjórn mála flokkanna sem hefði áhrif á að konur sæktust síður en karlar eftir forystusætum á framboðslistum. Hvort það væri eitthvað andrúmsloft ríkjandi innan flokkanna sem hugsanlega hefði áhrif á frama kvenna innan þeirra og þá var einnig leitast við að skynja hvort framboðsaðferðir flokkanna, prófkjörin, virkuðu hvetjandi eða letjandi á frama kvenna.

Í ljós kom að mikill munur var á upplifun kvenna innan Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Þátttakendur beggja flokka upplifðu ákveðið áhugaleysi karla innan flokkanna varðandi umræðu um jafnréttismál auk þess sem þær upplifðu allar mun á kynjunum varðandi áhuga á málefnum. Þær töldu að karlar sæktu fremur í hörðu málin á meðan konur sæktu heldur í mjúku málin. Þátttakendurnir upplifðu einnig ákveðinn mun á virðingu gagnvart málefnum innan flokkanna. Þær töldu að meiri virðing væri borin fyrir hörðu málunum en þeim mjúku og að sá munur á virðingu hefði letjandi áhrif á framgang kvenna innan flokkanna. Þetta var sérstaklega áberandi upplifun hjá þátttakendum innan Sjálfstæðisflokksins og munurinn liggur væntanlega í því að innan Samfylkingar er kvótaregla um kynjahlutfall í nefndum sem gefur kynjunum síður tækifæri til að velja sér nákvæmlega þau málefni sem þau hafa mestan áhuga á. Meirihluti þátttakenda taldi þó að umrædd atriði hefðu lítil áhrif á þeirra eigin framgang innan flokkanna þar sem þær ættu auðvelt með að starfa í karllægu umhverfi og væru viðurkenndar innan þess. Þær voru þó allar sammála um að umrædd atriði hefðu almennt hindrandi áhrif á frama kvenna í stjórn mála flokkunum.

Þegar litið er á framboðsaðferðir flokkanna kom í ljós að þátttakendur rannsóknarinnar voru allir sammála um að prófkjör hentaði þeim að flestu leyti vel. Konurnar töldu flestar að þær hefðu líklega ekki náð eins miklum frama á eins skömmum tíma nema vegna prófkjörsins. Þær voru þó allar sammála um að kostnaðurinn við prófkjör fældu konur almennt frá þátttöku og að munur á kostnaði við að sækjast eftir forystusæti og öðru sæti væri það mikill að annað sætið væri eftirsóknarverðara. Þá kom einnig í ljós að hluti þátttakendanna hafði markvisst ætlað sér í annað sæti listans því það sæti hafi verið nokkuð öruggt fyrirfram. Þær hafi því tekið meðvitaða ákvörðun um að taka ekki áhættuna á að

berjast um forystusæti listans og þá hugsanlega ekki komast í sæti ofarlega á lista. Að lokum kom í ljós að flestir þátttakendurnir vildu ekki sækjast eftir forystusæti vegna þess að því fylgdi miklu meiri viðvera þar með talin mikil viðvera á fundum, samkomum og ferðalög. Þær töldu sig í raun hafa jafn mikil áhrif með því að sitja í öðru sæti.

Í rannsókninni kom í ljós að aðilar innan flokkanna geta hindrað frama einstaklinga. Innan flokkanna er í einhverjum tilfellum stýring á því hverjir haldi hvaða sætum á framboðslistum. Einn þátttakandinn upplifði slíka stýringu á sínum stjórn málaferli en ekki er hægt að segja til um hvort það sé einhver munur á kynjunum hvað þetta varðar.

Að lokum kom skýrt fram að starfsumhverfi stjórn málamannsins, alþingismannsins, gerði það að verkum að konur sæktust síður í starfið en karlar. Það væri afar ófjölskylduvænt umhverfi og að yngri þingmennirnir ættu oft og tíðum mjög erfitt með að samræma starfið og fjölskyldulífið. Upplifun þátttakendanna var sú að það væri nánast ómögulegt að samræma þetta tvennt og að konur tækju meira nærri sér en karlar að geta ekki sinnt börnum og búi.

Rannsóknarniðurstöðurnar sýna fram á að þær stjórn málakonur sem tóku þátt í rannsókninni kusu að sækjast ekki eftir forystusæti á framboðslistum vegna þess að prófkjörskostnaðurinn við forystusæti væri töluvert mikið hærri en við annað sæti listans; að þær töldu sig hafa jafn mikil áhrif í öðru sæti en í forystusæti og að aukið vinnuálag við forystusætið væri ekki eftirsóknarvert.

## 12 Lokaorð

Það sem rak rannsakandann af stað í þetta verkefni var mikil forvitni á að komast að kjarna þess hvers vegna konur sækjast síður en karlar eftir þátttöku í stjórnámálum og hvers vegna þær konur sem hafa náð langt í heimi stjórnámálanna sækja miklu síður en karlar á toppinn. Þessar vangaveltur hafa verið áberandi í þjóðfélagssumræðunni og verið verðugt rannsóknarefni innan fræðanna. Í því sambandi hefur ýmsu verið velt upp sem ástæðu þess að konur sækji síður en karlar í starf stjórnálamannsins. Það hefur verið vinsæl nálgun að prófkjör hafi áhrif á að konur sækji síður en karlar í framboðsslag og þá hefur kynjakvótaleiðin verið talin kjörin leið til að jafna hlut kynja þó sú leið sé umdeild. Rannsakandinn var þeirrar skoðunar fyrir rannsóknina að prófkjör væru almennt góð leið fyrir einstaklinga til að öðlast tækifæri til stjórnálapátttöku. Eftir að rannsóknarniðurstöður lágu fyrir breyttist skoðun hans ekki í megin dráttum nema hvað varðar kostnaðarhliðina en svo virðist sem kostnaður við prófkjör hindri þátttöku einstaklinga og hugsanlega kvenna fremur en karla, eins og fram kom í rannsókninni.

Rannsakandinn var mjög mótfallinn kynjakvótaleiðinni fyrir rannsóknina en eftir að rannsóknarniðurstöður lágu fyrir breyttist sú skoðun. Hann telur að það muni taka marga áratugi að ná fram því umhverfi í samfélaginu sem veitir konum jöfn tækifæri á við karla án nokkurrar stýringar. Á það sérstaklega við um það umhverfi sem karlar hafa mótað frá fornu fari til að mynda í fjármálageiranum og stjórnámálum. Rótgróin viðhorf og virðing sem tengjast störfum kynjanna virðast enn vera töluverð hindrun þegar kemur að jafnrétti kynjanna.

Rannsakandanum fannst einnig merkilegt að helsta ástæða þess að þátttakendurnir sóttust ekki eftir forystusætum var hið aukna vinnuálag sem fylgir sætinu. Konur virðast því setja aukið vinnuálag fremur fyrir sig en karlar og gæti ástæðan hugsanlega verið sú að ábyrgð kvenna innan heimilanna er hugsanlega almennt meiri en karla. Vinnuálagið virðist einnig áhrifaþáttur í því hvers vegna konur sækjast ekki í meira mæli eftir starfi alþingismannsins, þar sem vinnutíminn er langur og óreglulegur.

Rannsakandinn telur sig hafa komist að kjarnanum sem hann leitaðist eftir í upphafi rannsóknarinnar. Kjarninn er sá að rótgrónar hugmyndir um stöðu kynjanna og rótgróin

viðhorf og virðing gagnvart störfum og málefnum „hörðu málunum“ og „mjúku málunum“  
teygja enn anga sína um samfélagið sem virkar hindrandi fyrir konur á framabraut, ekki síst í  
því starfsumhverfi sem karlar hafa byggt upp frá fornu fari.

## 13 Heimildaskrá

### Bækur og greinar:

Chapman, Jenny. *Politics, Feminism and the Reformation of Gender*. Wiltshire, Great Britain: Antony Rowe Ltd. 1993.

Duerst-Lahti, Georgia. „Reconceiving Theories of Power: Consequences of Masculinism in the Executive Branch.“ Í *The Other Elites: Women, Politics, and Power in the Executive Branch*, ritst. MaryAnn Borelli og Janet M. Martin, 11-29. Boulder, CO: Lynne Rienner Publishers, Inc. 1997.

Gunnar Helgi Kristinsson. *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 2006.

Jones, Kathleen B.. *Compassionate Authority: Democracy and the Representation*. New York, NY: Routledge, Chapman and Hall, Inc. (1993).

Kenworthy, Lane og Melissa Malami. „Gender Inequality in Political Representation: A Worldwide Comparative Analysis.“ *Social Forces* 78 (1999): 235-69.

Krook, Mona Lena. *Quotas for Women in Politics: Gender and Candidate Selection Reform Worldwide*. New York, NY: Oxford University Press, Inc. 2009.

Norris, Pippa. „Concussions: Comparing Legislative Recruitment.“ Í *Gender and Party Politics*, ritst. Joni Lovenduski og Pippa Norris, Guildford, Surrey, Great Britain: Biddles Ltd. 1993.

Matland, Richard. „Institutional Variables Affecting Female Representation in National Legislatures: The Case of Norway.“ *The Journal of Politics* 55 (1993): 737-55.

Palmer, Barbara og Dennis Simon. *Breaking the Political Glass Ceiling: Women and Congressional Elections*. New York, NY: Routledge Taylor&Francis Group. 2006.

Paxton, Pamela og Sheri Kunovich. „Women’s political representation: The importance of ideology.“ *Social Forces* 82 (2003): 87-107.

Phillips, Anne. *The Politics of Presence: The Political Representation of Gender, Ethnicity, and Race*. Eastbourne, Great Britain: Antony Rowe Ltd. 1995.

Sanbonmatsu, Kira. „Political Parties and the Recruitment of Women to State Legislatures.“ *The Journal of Politics* 64 (2002): 791-809.

Svanur Kristjánsson og Auður Styrkárdóttir. *Konur, karlar og framboð*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Gutenberg. 2001.

Walby, Sylvia. *Theorizing Patriarchy*. Cornwall, Great Britain: T. J. Press Ltd. 1990.

Walcott, Harry F.. „Writing Up Qualitative Research ... Better.“ *Qualitative Health Research* 12 (2002): 91-103.

Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. „Kynjaskekkja í stjórnámum: Breytingar og áhrifaþættir.“ *Stjórnám og stjórnsýsla* 5 (2009): 5-25.

### **Doktorsritgerðir og BA ritgerðir:**

Auður Styrkárdóttir. „From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavik, 1908-1922.“ Doktorsritgerð, Umea University, Sweden, 1998.

Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir. „Eru tengsl milli kynferðis og árangurs í prófkjörum stjórnámálflokka?“ BA ritgerð, Háskóli Íslands, 2007.

Ásgerður Jóna Flosadóttir. „Um stöðu kvenna í Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík 1970-1991.“ BA ritgerð, Háskóli Íslands, 1992.

### **Vefheimildir:**

Heimasíða Hagstofu Íslands: [hagstofa.is](http://hagstofa.is)

<http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Kosningar/Althingiskosningar>, sótt 29.nóv. 2009.

Heimasíða Samfylkingarinnar: [xs.is](http://xs.is)

[http://www.samfylkingin.is/Flokkurinn/Lög\\_flokksins#2](http://www.samfylkingin.is/Flokkurinn/Lög_flokksins#2). kafli, sótt 26.nóv. 2009.

Heimasíða Sjálfstæðisflokksins: [xd.is](http://xd.is)

<http://www.xd.is/landsfundur/alyktanir-landsfundar-2009/nr/771>, sótt 15.nóv. 2009.

Heimasíða Vinstri grænna: [vg.is](http://vg.is)

<http://www.vg.is/>, sótt 21.nóv. 2009.

## 14 Viðauki

### Spurningar fyrir viðtöl:

- 1) Hver er staða kvenna í Samfylkingunni/Sjálfstæðisflokki að þínu mati?
- 2) Telur þú kynin hafi jafnan möguleika á að ná frama innan flokksins?
- 3) Hefur þú orðið vör við einhvers konar valdabaráttu milli kynjanna innan flokksins?
- 4) Telur þú að kynin eigi jafna möguleika á því að leiða framboðslista stjórnámálflokka?
- 5) Hverjar telur þú vera helstu ástæður þess að færri konur en karlmenn gefa kost á sér í forystusæti á framboðslistum flokka?
- 6) Gætir þú hugsað þér að leiða framboðslista Samfylkingarinnar/Sjálfstæðisflokksins í þínu kjördæmi?
- 7) Telur þú að karlar og konur í þínum flokki fái jafn mikla hvatningu innan flokksins til að leiða framboðslista flokksins?
- 8) Fá kynin að þínu mati jafn mikinn stuðning til að leiða framboðslista?
- 9) Hefur þú verið hvött til að leiða framboðslista þíns flokks í þínu kjördæmi?
- 10) Telur þú að prófkjör sé góð framboðsaðferð fyrir konur?
- 11) Hvernig vildir þú sjá stjórnámálflokkinn þinn velja á framboðslista?
- 12)  
Fyrir sjálfstæðiskonur:  
Telur þú að ef flokkurinn tæki upp kynjakvótaleið (t.d. 40%/60% leiðina) að staða kvenna innan flokksins myndi batna? Telur þú að staða kvenna innan flokksins myndi breytast við þá aðgerð?
- Fyrir samfylkingarkonur:  
Telur þú að kynjakvótaleiðin, sem flokkurinn starfar eftir, sé nægilega gott tæki til að jafna kynjahlutfallið innan flokksins? Telur þú að kynin hafi jafna möguleika að sækjast eftir forystusæti á framboðslistum innan Samfylkingar?
- 13) Hverja telur þú vera árangursríkustu leiðina fyrir konur til áhrifa í Samfylkingu/Sjálfstæðisflokki?